

47. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, Végarði 14.8. 2025, kl.9:00

Mætt eru: Anna Jóna Árnarsdóttir, Halla Auðunardóttir, Kjartan Benediktsson og Helgi Gíslason sveitarstjóri. Jóhann F. Þórhallsson er oddviti í fjarveru Lárusar Heiðarssonar. 1. Varamaður Urður Gunnarsdóttir var fjarverandi og 2. Varamaður Guðni Jónsson var mættur. Mættur undir lið 2. Bogi Kárason ráðgjafi hjá Verkráði ehf. kl. 9:00.

Dagskrá:

1. Heimsókn forseta Íslands
2. Hamborg staða framkvæmda
3. Sauðárkofi
4. Smiðja í Hóli
5. Samningur og gjaldskrár um veiðar
6. Farsældarráð
7. Fundargerðir:
 - a. Verkfundargerðir Hamborgar nr. 1. dags. 17.7.2025 og nr. 2 dags. 5.8.2025
8. Ársskýrsla Haust 2024
9. Styrkvegasjóður
10. Skýrsla sveitarstjóra
11. Önnur mál:

1. Heimsókn forseta Íslands

Forseti Íslands, Halla Tómasdóttir, heimsótti Fljótsdælinga 12. ágúst 2025 og tók fyrstu skóflustungu að íbúðarhúsi í nýjum byggðakjarna í Hamborg. Við athöfnina voru um 80 manns. Forsetinn heimsótti í leiðinni eftirtalda staði og fyrirtæki í dalnum

í fylgd sveitarstjórnar og sveitarstjóra: Þjónustuhús við Hengifoss, Matarvagninn, Snæfellsstofu, Skógarafurðir, Valþjófsstaðakirkju, Fljótsdalsstöð og Óbyggðasetrið. Hádegisverður var snæddur á Fljótsdalsgrund og endað í léttum veitingum á Skriðuklaustri þar sem forseta var afhent eintak af Fljótsdælu Helga Hallgrímssonar. Sveitarstjórn þakkar forseta fyrir komuna sem og öllum þeim sem komu að undirbúningi og tóku á móti forsetanum.

Meðfylgjandi eru myndir af Austurfrétt sem Gunnar Gunnarsson tók.







2. Hamborg staða framkvæmda

Bogi fór yfir stöðu framkvæmda. Töluverð magnaukning varð í uppúrtekt og burðarlagi götu. Borun fyrir köldu vatni er lokið og magn og gæðamælingar framundan. Eftirlit við fornleifauppgröft er umtalsverður. Nokkuð af minjum hefur fundist. Bogi vék af fundi kl: 9:42.

3. Sauðárkofi

Sveitarstjórn samþykkir eignatilfærslu á Sauðárkofa yfir á Einar Svein Friðriksson með því skilyrði að síðari ráðstöfun hans á umræddri eign verði jafnframt háð samþykki sveitarstjórnar. Sveitarstjóra falið að ganga frá skjalagerð þessu tengt og veitt umboð til að undirrita skjöl fyrir fyrir hönd Fljótsdalshrepps sem málið varðar.

4. Smiðja í Hóli

Samþykkt að veita styrk kr. 300.000 til undirbúnings að endurgerð smiðjunar.

5. Samningur og gjaldskrár um veiðar

Sveitarstjóra falið að endurskoða gjaldskrá í tengslum við næstu fjárhagsáætlun. Jafnframt er sveitarstjóra falið að koma með drög að nýjum samningi.

6. Farsældarráð

Sveitarstjóra falið að skipa fulltrúa í ráðið.

7. Fundargerðir:

- a. Verkfundargerðir Hamborgar nr. 1. dags. 17.7.2025 og nr. 2 dags. 5.8.2025**
Kynntar

8. Ársskýrsla Haust 2024

Kynnt

9. Styrkvegasjóður

Styrkur kr. 2.000.000 í Múlaveg að Sveinsseli.

10. Skýrsla sveitarstjóra

Farið yfir helstu mál.

11. Önnur mál:

Ákveðið að auglýsa lausar lóðir í Hamborg í Austurfrétt, Austurglugganum, Dagskránni og Bændablaðinu.

Umræða um Végarð og nýtingu hans. Sveitarstjórn hvetur húsnefnd til að koma saman og fara yfir málin.

Minnt var á að huga að nýju hljóðkerfi fyrir Végarð.

Næsti sveitarstjórnarfundur verður þriðjudaginn 2. September 2025.

Fundi slitið kl: 11:50

Anna Jóna Árnarsdóttir

Guðni Jónsson

Halla Auðunardóttir

Kjartan Benediktsson

Jóhann F. Þórhallsson oddviti

Heimsókn forseta Íslands í Fljótsdal 12. ágúst 2025

Dagskrá

8:30 Lent á Egilsstaðaflugvelli (10 mín privat tími fyrir forseta ef vill) Oddviti Jóhann F. Þórhallsson tekur á móti.

8:45 Ekið að Hengifossi

9:15 Hengifoss, þjónustuhús-kynning á starfseminni og léttar kaffiveitingar. Sveitarstjóri Helgi Gíslason býður forseta velkominn í Fljótsdal og landvörður Detlev Ganns segir frá starfseminni. Gengið í Matarvagninn (2 mín) og kynning á frumkvöðli í matvælaframleiðslu: Sauðagulli. Ann-Marie Schlutz eigani kynnir.

10:20 Ekið að Snæfellsstofu

10:30 Vatnajökulspjóðgarður/Snæfellsstofa. Þjóðgarðsvörður Agnes Brá Birgisdóttir kynnir starfsemina

11:10 Ekið að Skógarafurðum

11:20 Skógarafurðir- heimsókn í Víðivelli og kynning á sprotafyrirtæki sem er leiðandi í vinnslu úr íslenskum skógi. Framkvæmdastjóri Bjarki Jónsson kynnir.

11:50 Ekið að Fljótsdalsgrund

12:00 Léttur hádegisverður á Fljótsdalsgrund fyrir forseta, fylgdarlið og sveitarstjórn. Jóhann F. Þórhallsson, Halla Auðunardóttir, Kjartan Benediktsson, Anna Jóna Árnarsdóttir og Guðni Jónsson. (15-20 mín aflögu fyrir forseta ef vill.) Hótelhaldari Kjartan Benediktsson (sem er jafnframt í sveitarstjórn) tekur á móti.

13:25 Ekið að Hamborg

13:30 Athöfn í Hamborg (utandyra.)

Vonumst eftir góðu veðri, gestir eru íbúar Fljótsdals, tilvonandi íbúar Hamborgar og aðrir gestir tengdir svæðinu, þingmenn kjördæmisins er boðið. Sé veður ósamvinnuþýtt verður dagskrá flutt í Végarð (5 mín akstur) að lokinni skóflustungu.

Dagskrá athafnar við trjálundinn í Hamborg:

1. Lag: Ragnhildur Skúladóttir og Karen Ósk Björnsdóttir syngja og Sebastían Kjartansson spilar undir á gítar
2. Oddviti býður forseta og gesti velkomna og gefur forseta orðið
3. Forseti ávarpar
4. Lag: Ragnhildur, Karen og Sebastían.
5. Oddviti ávarpar
6. Verkefnisstjóri Hamborgar Bogi Kárasón útskýrir byggingarverkefnið
7. Gengið að lóð skóflustungunnar ca 100 m.

8. Forseti tekur skóflustungu ásamt Þorvarði Ingimarssyni bróður Steinunnar Ingimarsdóttur (hún er forfölluð) .
9. Forseti gengur um og spjallar við fólk

15:00 Ekið að Fljótsdalsstöð

15:10 Landsvirkjun/Fljótsdalsstöð-kynning á raforkuframleiðslunni Ragnhildur Sverrisdóttir upplýsingafulltrúi Landsvirkjunar tekur á móti ásamt Sindra Óskarssyni stöðvarstjóra og kynna.

16:00 Ekið að Óbyggðasetri

16:10 Óbyggðasetrið; Gyða Borg Barðadóttir forstöðukona tekur á móti og kynnir. Gengið í gegn um safnið undir leiðsögn Gyðu og sest niður í kaffi í gamla húsinu, stutt kynning á hugmyndafræðinni að baki setrinu.

17:00 Ekið að Skriðuklaustri

17:15 Skriðuklaustur. Forstöðumaður Skúli Björn Gunnarsson segir frá Gunnarsstofnun og léttur standandi kvöldverður að því loknu.

18:45 Brottför frá Skriðuklaustri

19:45 Flug frá Egilsstöðum. Hægt að fá afdreyp á vellinum á meðan beðið er ef v